



FUNDARGERÐ NR. 1

Fundarstaður: Teams, Svörtuloft

Dagsetning : 10.06.2024 kl. 10:00

Verknúmer 0.8.1 Verkstjórn verktaka, dagbók og verkfundir

NAFN	SK	STAÐA / FYRIRTÆKI	PÓSTUR	
Geir Gestsson	GG	Ágúst Vilberg Jóhannsson	TP sendur	flakkarinnehf@outlook.com
Magnús Árnason	RH	Aðalsteinn Magnússon	TP sendur	alltiarnum@simnet.is
Ágúst Vilberg Jóhannsson	ÁVJ	Verkefnastjóri Vesturbyggð	TP sendur	magnusar@vesturbyggd.is
Aðalsteinn Magnússon	AM	Sviðstjóri Vesturbyggð	TP sendur	geir@vesturbyggd.is

Fundarefni:

1. Fundargerðir

Í fundargerð verður farið yfir stöðu verks.

Fundargerðir skal gefa út innan tveggja daga frá fundi og athugasemdir skulu gerðar innan tveggja daga þaðan í frá.

2. 0.2.3 Eftirlit verkkaupa

Eftirlit verkkaupa er á vegum Vesturbyggðar. sjá 0.2.3

3. 0.8 Frágangur og gæði verks

0.8.2 Verkstjórn verktaka, dagbók og verkfundir

Almennum kröfum til verkstjórnar verktaka er lýst í kafla 4.1.2 í ÍST 30.

Verktaki og undirverktakar skulu gera ráð fyrir að þurfa að mæta á reglulega verkfundi með fulltrúa verkkaupa meðan á verkinu stendur. Gert er ráð fyrir verkfundum á tveggja vikna fresti, en oftar ef þurfa þykir. **Nánari tímasetning verkfunda verður ákveðin í upphafi verksins.** Verkfundargerðir skulu vera skriflegar og samþykktar af báðum aðilum. Fundargerðir skal senda fundarmönnum innan tveggja daga frá síðasta fundi og skulu fundargerðir verkfunda lagðar fram til kynningar fyrir bæjarráði sameinaðs sveitarfélags Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

Á fyrsta verkfundi verður m.a. rætt um:

- Tímasetningu verkfundanna og fyrirkomulag þeirra.

Lagt er til að verkfundir verði haldnir sem næst eftirfarandi dagsetningum.

- **10.06.2024 Fyrsti fundur**
- **24.06**
- **08.07**
- **22.07**
- **05.08**

0.2.3 Eftirlit verkkaupa

Verkkaupar setja eftirlitsmenn með verkinu sem sjá um reglubundið eftirlit með framkvæmd verks. Verktaki skal í einu og öllu framkvæma verkið í samráði við eftirlitsmenn. Eftirlitsmenn skulu eiga greiðan og óhindraðan aðgang að öllu, sem máli skiptir um vinnu við verk þetta, hvort sem er á vinnustað eða annars staðar þar sem unnið er að verkinu.

Ef verktaki er í vafa um einstök atriði verks, skal hann tafarlaust hafa samráð við eftirlitsmenn.

Ef um ósamræmi er að ræða í lýsingum eða gögnum skal verktaki tafarlaust tilkynna eftirlitsmönnum það til úrskurðar.

Eftirlit verkkaupa kemur ekki í stað opinbers eftirlits.

Settir eru, Geir Gestsson sviðstjóri framkvæmdasviðs og Magnús Árnason verkefnastjóri.

Óhöpp við vinnu verktaka, ef einhver eru, í samræmi við grein 0.7.5

Skrá skal óhöpp eða slys hér

4. Önnur mál

Skrá skal hér önnur mál er verktaki og verkkaupi vilja setja í fundargerð.

Farið yfir byrjun verks ,og óskað eftir að verktaki leggi sem fyrst fram verkáætlun.

Verktakar óska eftir teikningum í stærð A-3

Verktökum kynnt áform um að heimila fjarskiptafyrirtækjum afnot af skurðum.

Verktakar óska eftir staðsetningu á efni fyrir vatnsveitu, ákveðið aðheimila tímabundna staðsetningu á lóð milli Brunna 15-19 og Hlíðarveggar brunna 1.

Verktakar leggja til að byrjun verks verði að komast í hæðir á lögnum þar sem fráveita verður leidd af svæðinu sem í austari helming götunnar.

Umræða varðandi inntök í hús og nákvæma staðsetningu lagna. Verktaki mun vinna verkið miðað við óvissu í staðsetningu.

5. Dreifing fundargerðar og viðhengi

Til fundarmanna, verktaka og verkkaupa.

6. Næsti verkfundur

Næsti verkfundur áætlaður 24.06.2022 kl. 10:00

Fundarritari: Geir Gestsson

Fundi slitið kl. 10:50

Fh. Verkkaupa

Fh. Verktaka

Geir Gestsson

Ágúst Vilberg Jóhannsson

